

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um almannatryggingar (réttindi úr lífeyrissjóðum) (VIII).

1. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 631/2004 frá 31. mars 2004 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71, að því er varðar jöfnun réttinda og einföldun málsmeðferðar, skal gilda á Íslandi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2004 frá 9. júlí 2004 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. Reglugerðin skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 631/2004 fjallar að hluta til um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá félagsmálaráðuneytinu nr. 13/2006 er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um atvinnuleysistryggingar og greiðslur úr fæðingarorlofi samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Í reglugerð frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu nr. 11/2006 er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar.

2. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 631/2004 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2004, sbr. 1. gr., sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 65, 23. desember 2004, bls. 19, er birt sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 11/2006.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 56. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 2. janúar 2006.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ingvi Már Pálsson.